

Rannsókn: Efnahagslegur ávinningur af þátttöku innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði / Félagsleg þátttaka og aðlögun innflytjenda í þremur sveitarfélögum; Akranesi, Fjarðabyggð og Vesturbyggð.

Styrkþegi: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Samantekt

Árið 2009 stóð Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst fyrir rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við innflytjendur og fulltrúa sveitarfélaga og annarra stofnanna sem koma að starfi með innflytjendum. Viðtölin voru tekin í þremur sveitarfélögum, á Akranesi, í Fjarðabyggð og í Vesturbyggð. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort og þá hvernig félagsleg þátttaka innflytjenda tengist því hversu sterkt þeir upplifa sig sem hluta af samfélaginu. Jafnframt var markmið að greina aðkomu sveitarfélaga og annarra stofnanna að málefnum innflytjenda í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Helstu niðurstöður úr viðtölum við innflytjendur voru þær að almennt höfðu þeir jákvæða upplifun af því að búa á Íslandi þrátt fyrir að hafa upplifað ákveðna erfiðleika við komuna til landsins. Flest töluðu um að viðmót heimamanna sem fyrir voru hafi almennt verið jákvætt en minnst jafnframt á að þau höfðu orðið vör við fordóma í sinn garð sem hafi jafnvel orðið meira áberandi á síðastliðnum árum. Margir töluðu um að hafa komið til Íslands með það markmið að vinna í nokkur ár og flytja svo af landi brott, en tóku svo ákvörðun síðar meir að setjast að á Íslandi. Ástæður fyrir því voru helst að hér höfðu þau byggt upp sitt líf, keypt sér húsnæði og að samfélagið byði upp á góða og örugga framtíð fyrir börnin þeirra. Allir þeir sem talað var við og höfðu tekið ákvörðun um að setjast að á Íslandi töluðu um mikilvægi þess að geta talað íslensku, bæði til að geta orðið virkari þátttakendur í samfélaginu og vegna þess sjálfstæðis sem því fylgir að geta talað tungumálið.

Í viðtölum við fulltrúa sveitarfélaganna og annarra sem komu að starfi með innflytjendum mátti greina að í öllum þeirra var vilji til að koma til móts við innflytjendur, bæði hvað varðar þjónustu og að hvetja til þátttöku þeirra í hinum ýmsu viðburðum innan byggðalagsins. Fjarðabyggð var eina sveitarfélagið sem tók á móti innflytjendum með formlegum hætti með móttökufulltrúa fyrir nýja íbúa. Á Akranesi hefur verið byggt upp öflugt starf með innflytjendum og þar hefur tekist vel til að virkja innflytjendur á viðburði innan bæjarfélagsins. Ekkert formlegt móttökuforli var til staðar hjá Vesturbyggð en þar hefur eitt stærsta fyrirtækið, Oddi fiskvinnsla-útgerð, sem hefur hátt hlutfall erlendra starfsmanna, séð vel um skráningu og upplýsingagjöf til sinna erlendu starfsmanna.

Samandregið þá virðist þjónusta og hvatning til þátttöku innflytjenda vera til staðar í öllum þremur sveitarfélögum, en misjafnt hversu mikil þátttaka innflytjenda er. Á Akranesi hefur hún verið með besta móti og velta má upp þeirri spurningu hvort það sé vegna þess að þar hefur þátttaka innflytjenda sjálfra, við skipulagningu hinna ýmissa viðburða og annarrar starfsemi fyrir innflytjendur, verið góð.

Project: Social network and integration of immigrants in three local communities in Iceland: Akranes, Fjarðabyggð and Vesturbyggð.

Grantee: Bifrost University Research Center

Abstract

In the year 2009 Bifrost Research Centre carried out a research interviewing immigrants and representatives of local governments and other institutions that have been involved in working for or with immigrants. The interviews were carried out in three local communities, Akranes, Fjarðabyggð and Vesturbyggð. One of the main goal of the research was to analyse if and then to what extent social network contribute to the feeling of belonging to the community in those three areas. Furthermore, the goal was to analyse the formal and informal work of the local governments and other institutions for and with immigrants in each community.

The main results from interviewing immigrants were that they had in general a positive experience of living in Iceland even if they had some difficulties in adapting to begin with. Most of the interviewed mentioned that the Icelanders were in general helpful and pleasant but at the same time that they had felt some more prejudice in the last few years compared to when they first arrived. The main bulk of the immigrants interviewed came to Iceland intending to stay only for a few years but have since then decided to settle down in the country. The reasons were mainly because here they earn a living, they bought a house and the community provided a safe environment for their children. All of those who had settled in Iceland talked about the importance of learning the Icelandic language, both in order to be able to take more part in the society and because of the independence it provided being able to speak and understand Icelandic.

In the interviews with representatives of the local communities and other's that have been involved with immigrants there was an obvious will to work with and for immigrants, both regarding social service, information as well as encouraging their participation in various events and happenings in the local community. Only one of the communities, Fjarðabyggð, had a formal reception process for new residents. In Akranes there had been extensive work in involving immigrants in events and happenings, even if there was no formal reception process on behalf of the local government. In Vesturbyggð there was no formal work on behalf of the government or other networks working exclusively with immigrants. But there the one of the biggest fish industry companies, Oddi that employs a high percentages of the immigrants there, been successful in providing information for their foreign staff and making sure that all their papers and registration were in order.

To sum it up, then it appears that in all three communities there is a will to service and encouraging the participation of immigrants in the community, but there is a difference to what extents immigrants take part. Out of those three it seems that the work with immigrants has the highest participation in Akranes and it's an interesting question if that is due to the success they have had there in involving immigrants in organizing and planning various events and happenings that have the aim to involve immigrants as well as other locals in the community.